



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Reglur um tómstundastyrk í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

### 1. gr.

#### Forsendur og markmið

Skeiða- og Gnúpverjahreppur styrkir tómstundaiðkun barna og ungmenna í sveitarfélaginu með árlegu framlagi. Tómstundastyrk er ætlað að greiða niður æfingar- og/eða þáttökugjald og er meginmarkmið tómstundastyrksins er að ýta undir hreyfingu, virkni og félagsþátttöku barna og ungmenna, vinna gegn óæskilegu brottfalli ungmenna úr frístundastarfi, styrkja börn og ungmenni til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi, auka möguleika á þátttöku óháð efnahag og gera þannig öllum börnum og ungmennum á aldrinum 0-17 ára kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþrótta-, lista- og tómstundastarfi hvort sem slíkt er stundað innan sveitarfélags eða utan.

Upphæðin sem greidd er í tómstundastyrk skal vera hámark þeirra upphæðar sem ákveðin er í fjárhagsáætlanagerð hverju sinni.

### 2. gr.

#### Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrks

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 0-17 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um tómstundastyrk. Tekið er mið af fæðingardegi og fram að átján ára afmælisdegi. Við upphafsár og lokaár styrkveitingar skal styrkur hlutfallaður miðað við afmælisdag. Börn sem flytja í Skeiða- og Gnúpverjahrepp fá fullan styrk á því ári sem flutt er í sveitarfélagið. Styrkur getur ekki orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þáttökugjaldi iðkunar. Styrkurinn er veittur á ársgrundvelli, hann er ekki hægt að færa á milli ára en styrkupphefð hvers árs gildir fyrir tómstundastarf sem stundað er og greitt það ár.

Tómstundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðstarfi sem og vegna kaupa á líkamsræktar- og sundkorti sem merkt er einstaklingnum. (ekki vegna kaupa á klippikortum). Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

### 3. gr.

#### Almennt um fyrirkomulag

Alla jafna er styrkurinn er greiddur út í gegnum rafræna skráningar- og greiðslukerfið Abler. Við kaup á námskeiði fyrir barn í Abler hjá félagi/aðilum sem bjóða upp á frístundastarf þá geta foreldrar valið að nýta styrkinn og draga hann frá þáttökugjöldum. Ablerkerfið heldur utan um hversu mikið er eftir af styrk hvers og eins. Þetta fyrirkomulag virkar hjá félögum/aðilum sem eru með Abler hvort sem það er innan sveitarfélags eða utan.

Ef keypt er styrkhæft námskeið eða aðgangur hjá félagi eða aðila sem er ekki tengdur frístundakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá er hægt að hafa samband við þjónustufulltrúa sveitarfélagsins og óska eftir að styrkur sé greiddur eftirá með því að framvísa nauðsynlegum gögnum, svo sem greiðslukvittun, þar sem fram kemur nafn og kennitala félags, dagsetning greiðslu, nafn og kennitala



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

iðkanda, æfingatímabil og upplýsingum um fyrir hvað var greitt. Alltaf skal þó byrja á að óska eftir því að viðkomandi námskeið eða aðgangur sé tengdur við sveitarfélagið í gegnum Abler þannig að viðkomandi geti sjálfur nýtt styrkinn við kaupin.

### 4. gr.

#### Styrkhæf námskeið hjá félögum og öðrum aðilum:

- Skilyrði er að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af menntuðum þjálfara, kennara eða leiðbeinenda sem getur lagt fram upplýsingar um menntun og starfsemi sína sé eftir því óskað. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, reiðnámskeið, skátastarf, tónlistarnám og skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva.
- Íþrótt- og tómstundanámskeið barna sem haldin eru í sumarleyfum
- Hægt er að nýta hvatagreiðslur til kaupa á líkamsræktarkortum (frá 14 ára aldri með leyfisbréfi frá foreldri þar sem foreldrar og barn staðfesta að þau hafi kynnt sér útgefna æfingaáætlun, annars er miðað við 16 ára aldur).
- Heimilt er að nýta hvatagreiðslu fyrir sjálfstyrktar námskeið og önnur námskeið sem hafa jákvæð áhrif á þroska og líðan barna og unglinga.
- Ekki er heimilt að nota hvatagreiðsluna til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna leigu á aðstöðu eða kaup á tækjum og búnaði, fatnaði eða vegna ferðakostnaðar.

### 5. gr

#### Almennt um skipulag og ut anumhald tómstundastarfs barna

- Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi og skal allt tómstundastarf vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn. Samanber Æskulýðslögin og Íþróttalögin.
- Þjálfarar skulu hvetja börn og unglinga til heilbrigðs lífennis og fræða um þá hættu sem stafar af neyslu ávana- og fíkniefna.
- Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi eins síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Farið er fram á að þjálfari, staðgengill hans eða aðrir sem koma að starfinu hafi ekki gerst sekur um bort gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til staðar skal vera sakavottorði til staðfestingar á þessu og er óheimilt að ráða til starfa einstakling sem holtið hefur refsíðmóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga.
- Farið er fram á að hvort sem er um félagasamtök innan UMFÍ eða ÍSÍ eða aðrir aðilar að unnið sé með forvarnarstarf eftir viðmiðunum frá sérlegum samskiptaráðgjafa um íþrótt- og æskulýðsmál. Það á t.d. um hegðunarviðmið og viðbragðsáæltanir fyrir íþrótt- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið uppá.

Bæði má finna á síðunni: <https://www.samskiptaradgjafi.is>

*Samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. júní 2025.*

*Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri*